

# Innleiðing UT í leikskóla skólaárið 2014-2015



Ársskýrsla UT stýrihóps leikskóla

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

September 2015

# Ársskýrsla

Ut stýrihópur leikskóla var skipaður af sviðsstjóra fræðsluþjónustu í júní 2014. Í kjölfar samþykktar á fundi fræðsluráðs þann 24. febrúar 2014 um innleiðingu á upplýsingatækni í leikskólum í sérstöku þriggja ára átaki í samræmi við tillögur þáverandi stýrihóps ([skýrsla stýrihóps](#)).

Stefnan var m.a. að snertiskjái væru staðalbúnaður á öllum deildum leikskóla og hlutfall spjaldtölva 1:4 yrði að veruleika. Sí – og endurmenntun leikskólakennara verði í takt við stefnu og strauma almennt í upplýsingatækni. Skjávarpar bæði fastir og færánlegir verið komnir í alla leikskóla. Stýrihópur heldur áfram reglulega utan um eftirfylgdarfundir.

- Kennsluráðgjöf er hluti af þeirri stefnu sem stýrihópurinn vinnur eftir og mun það halda áfram. Einnig fjölbreytt námskeið sem bæði skólaskrifstofan stendur fyrir og einnig í samvinnu við leikskóla í Kraganum.
- Einnig er mikilvægt að verkefnastjórstöðurnar haldi áfram til þess að halda utan um notkun spjaldtölvunnar í skólstarfinu eins og lýst er hér að ofan.
- Stefnan er tekin á að auka enn frekar fjölda spjaldtölva til þess að fleiri börn og kennarar geti notið þeirra í skólstarfinu.
- Að snertiskjái komi inn í leikskólana a.m.k. einn á skóla til að byrja með. Þessi tæki eru mikilvæg til þess að efla vitrænan þroska þegar börn fá að vinna með gagnvirkum þroskaleikjaforritum eins og samstæðuspil, púsl, minnisþil, stærðfræðiverkefni, pörun flokkun og svo mætti lengi telja.
- Mikil þörf er á endurnýjun borð og fartölva en sá búnaður er að mestu gamall og úr sér genginn.



Nýr stýrihópur tók til starfa til að fylgja stefnunni eftir. Hann skipa:

1. Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir, þróunarfulltrúi leikskóla, formaður
2. Kristinn Valdi Valdimarsson, fulltrúi tölvudeildar bæjarins
3. Árdís Grétarsdóttir, leikskólastjóri Víðivöllum
4. Ólafía Guðmundsdóttir, leikskólastjóri Hlíðarbergi

Stýrihópurinn hélt fimm fundi skólaárið 2014-2015. Stýrihópurinn hefur haldið utan um fundargerðir sem sendar hafa verið sviðsstjóra.

Megináhersla hópsins hefur verið að taka stöðuna út í skólunum og fylgja eftir þeirri stefnu sem sett var fram árið 2014. Hópurinn hefur í sameiningu tekið ákvarðanir um forgangsroðun samkvæmt því fjármagni sem er til ráðstöfunar hverju sinni.

Meginverkefni hefur verið að fylgja eftir því sem hópurinn lagði til á undan sem var að setja upp þráðlaust net í alla skóla en það átti að vera tilbúið fyrir skipulagsdaga á haustönn 2014 þar sem allir leikskólarnir fengu iPad námskeið fyrir byrjendur sem var þáttur í innleiðingarferlinu. Þrír leikskólar fengu svo byrjendanámskeið í byrjun árs 2015, þar sem ekki tókst að koma þeim fyrir á starfsdögum á haustönn.

Ráðgert var samkvæmt skýrslu að leggja upp með svokölluð þróunarteymi í skólunum þar sem í væru leikskólastjóri og einn fulltrúi frá hverri deild. Hugmyndin var að þróunarteymin myndu hittast ½ mánaðarlega á meðan á innleiðingarferlinu stæði. Við það var ekki ráðið og því var frekar ákveðið að sækja um stöðu verkefnastjóra á hvern leikskóla á vorönn sem síðan var gert.

Fyrir fjárhagsáætlun bæjarins fyrir árið 2015 lagði stýrihópurinn fram áætlun um þá fjármuni sem nauðsynlegir væru verkefninu á árinu. Samtals fékk hópurinn úthlutað úr þróunarsjóði fræðsluráðs 15 milljónir til ráðstöfunar. Hópurinn ákvað að þessum fjármunum yrði best varið til þess að ráða verkefnastjóra á leikskólana í mismiklu starfshlutfalli eftir stærð skóla eða um 10 milljónir. Frá 10% (3ja deilda skóli) upp í 15% (8 deilda skóli) hlutfall verkefnastjóra. Einnig var samþykkt að fá til aðstoðar kennsluráðgjafa, Rakel Magnúsdóttur tölvunarfræðing. Enn er óráðstafað 4,3 milljónum fyrir árið 2015 og er það til skoðunar hjá hópnum í samráði við fræðslustjóra hvernig þeim fjármunum verði best ráðstafað.


### **Verkefni á skólaárinu 2014-2015 voru helst þessi:**

- Fyrst ber að nefna að spjaldtölvur voru afhentar með viðhöfn haustið 2014 en þá voru afhentar spjaldtölvur á allar deildar auk sérkennslu. Alls um 90 spjöld.
- Einn skjávarpi er kominn í alla skóla, festir upp í sal skólans.
- Haustið 2014 lauk að mestu við að setja upp þráðlaust net í skólunum. Þó virðist það ekki vera fullklárað en tveir skólar hafa kvartað undan því að netið detti stöðugt út. Tölvudeild hefur það nú til skoðunar.
- Á haust og vorönn voru byrjendanámskeið fyrir alla leikskólana þar sem farið var í grunnatriði í notkun spjaldtölva. Allir starfsmenn leikskólanna nýttu sér þessi námskeið sem tókust afar vel og voru menn sammála um að hafi kveikt áhuga almennt.
- Í janúar voru ráðnir verkefnastjórar í alla skólana og hefur hlutverk þeirra verið að halda utan um spjaldtölvuvinnuna í skólunum. Meðal annars hefur vinna þeirra snúist um að miðla upplýsingum frá kennsluráðgjafanum og sýna fólki, kaupa smáforrit út frá kennslufræðilegri nálgun sem nýtist í skólastarfinu. Talsverðan tíma tók að finna



út úr því hvernig hægt væri að kaupa smáforrit, en nú hefur fengist lausn á því. Kristinn Valdi okkar maður í tölvudeildinni hefur séð um að kaupa þau fyrir leikskólana og eru skólarnir afar ánægðir með að það skildist finnast lausn á því.

- Í apríl voru haldnar tvær menntabúðir fyrir verkefnastjórana þar sem kennsluráðgjafinn Rakel var með ýmis verkefni þar sem fólk gekk á milli borða og prófaði ýmsar nýjungar í notkun spjaldtölvu. Var fólk sammála um að þetta hefði gengið afar vel og almennt hefði fólk lært mikið af þessu.
- Spjaldtölvurnar eru að nýtast í skólastarfinu á afar fjölbreyttan hátt og er það gleðiefni hve verkefnastjórastaðan er að nýtast vel. Almennt er talið að enn betur hafi tekist til við innleiðingu því það er einn aðili sem sér um að uppfæra þær reglulega, finna smáforrit í þá sem henta út frá kennslufræðilegri nálgun og aðstoðar kennara og börn við notkun á þeim.
- Þau smáforrit sem hafa verið að nýtast vel með börnunum eru meðal annars *Book creator* þar sem börnin læra á forritið, fara á netið, vista myndir og líma í rafbókina. Börnin kynnast allskyns forritum sem hægt er að nota við rafbókagerðina s.s. *Little story creator*, *sock puppet*, *storymaker* og taka skjámyndir til að setja í rafbókina. Sögugerð, forrit sem styðja við lestrarkennslu Lærum og leikum með hljóðin og forrit sem styðja við stærðfræðikennslu og svo mætti lengi telja eru forrit sem nýst hafa með tilkomu spjaldtölva í leikskólum.



### Fjárhagsáætlunartillögur árið 2016

Tillögur í fjárhagsáætlun ársins 2016 eru aukið fjármagn til eftirfarandi verkefna ef ljúka á framkvæmd verkefnisins sem lagt var með í upphafi:

	Kr.
1. Kennsluráðgjöf og endurmenntun kennara	1.400.000
2. Staða verkefnastjóra í alla skóla (10-15% fer eftir stærð skóla)	12.000.000
3. 250 spjaldtölvur	20.000.000
4. Snertiskjái	14.000.000
<b>Alls</b>	<b>52.400.000</b>

Auk þessa tillagna þá eru tölvukaup tölvudeildar á borð/fartölvum til skóla og rekstur á þráðlausu neti sem áætlað er að kostnaður aukist við með fjölgun tækja í kerfinu.

Stýrihópurinn telur afar mikilvægt að þessar tillögur geti orðið að veruleika á næsta ári svo það sé hægt að skapa enn bættara námsumhverfi og skilyrði fyrir öll börn og starfsfólk til að læra saman og allir fái tækifæri til að nýta sér alla þá fræðslu og símenntun sem hægt er að bjóða upp á.

Með þessari samantekt stýrihóps UT leikskóla fyrir skólaárið 2014-15 er þess vænst að gefa fræðsluráði Hafnarfjarðar yfirsýn á stöðu mála í leikskólunum og stuðning við forgangsröðun á fjármagni fyrir árið 2016.

Hafnarfirði 4. október 2015.